

Breytingartillaga

við frv. til l. um breytingu á lögum er varða verðbréfavíðskipti.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við bætist nýr kafli, V. kafli, **Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum**, með þremur nýjum greinum, 11.–13. gr., svohljóðandi:

a. (11. gr.)

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Heitið „sparisjóður“ er þó óheimilt að nota með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti.

b. (12. gr.)

4. mgr. 73. gr. laganna orðast svo:

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er óheimilt að nota orðið „sparisjóður“ í heiti sínu.

c. (13. gr.)

22. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna fellur brott.